


## Fréttatilkynning 19. október 2009 frá Náttúrustofu Austurlands að gefnu tilefni




### Á Kárahnjúkavegi 15. október 2009

Keyrt var á hreindýrstarf á Háreksstaðavegi nú um helgina. Það minnr okkur á að framundan er sá tími þegar árekstrar við hreindýr eru algengastir.

Hættan á árekstrum við hreindýr hefur aukist mikið á síðustu árum eins og sjá má á fyrstu mynd. Á annari mynd sést að hættulegustu staðirnir samkvæmt tilkynntum árekstrum hafa verið Kárahnjúkavegur og Þjóðvegur 1 um Lón og Nes á Suðausturlandi.




1. mynd. Fjöldi hreindýra sem urðu fyrir bílum frá 1999 til dagsins í dag.



2. mynd. Fjöldi ákeyrðra hreindýra eftir stöðum

Skammtgeið er hættulegasti tími ársins. Eins og sést á 3. mynd verða flest dýr fyrir bílum í nóvember til janúar.

### Árekstrar við hreindýr eftir mánuðum 1993-2009



3. mynd. Árekstrar við hreindýr eftir mánuðum frá 1999 til dagsins í dag.

- Náttúrustofa Austurlands hvetur bílstjóra til að fara gætilega einkum á Kárahnjúkavegi, Háreksstaðavegi, Fagradal, Hamars- og Álftafirði og í Lóni og Nesjum.
- Flestir árekstrar við hreindýr verða í ljósaskiptunum þar sem hálka er á vegum.
- Nóvember-janúar er hættulegasti tími ársins fyrir hreindýr gagnvart ökutækjum.
- Vegagerðin hefur sett upp viðvörðunarskilti á hættulegustu stöðunum og eru ökumenn hvattir til að sýna sérstaka aðgát þar.